



---

Þjónustuútboð  
Sláttur opinna svæða  
í Ísafjarðarbæ

2019

Útboðslýsing  
Verklýsing  
Tilboðsskrá

Tæknideild Ísafjarðarbæjar febrúar 2019

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚTBOÐSLÝSING – VERKSKILMÁLAR</b>	<b>4</b>
<b>1.1</b>	<b>YFIRLIT</b>	<b>4</b>
1.1.1	Útboð	4
1.1.2	Útboðsform	4
1.1.3	Upplýsingar um bjóðendur	4
1.1.4	Lauslegt yfirlit yfir verkið og samningstími	4
1.1.5	Verksamningur	4
<b>1.2</b>	<b>EFTIRLIT VERKKAUPA</b>	<b>4</b>
1.2.1	Eftirlit verkkaupa	4
<b>1.3</b>	<b>ÚTBOÐSGÖGN – REGLUGERÐIR – STAÐLAR</b>	<b>5</b>
1.3.1	Útboðsgögn	5
1.3.2	Skýringar á útboðsgögnum	5
1.3.3	Reglugerðir og leiðbeiningar	5
1.3.4	Undirverktakar	5
<b>1.4</b>	<b>TILBOÐ</b>	<b>5</b>
1.4.1	Gerð og frágangur tilboðs	5
1.4.2	Fylgigögn með tilboði	6
1.4.3	Auðkenni tilboðs	6
1.4.4	Opnun tilboða	6
<b>1.5</b>	<b>GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR</b>	<b>6</b>
1.5.1	Framlag verkkaupa	6
1.5.2	Greiðslur og reikningsskil	6
1.5.3	Verðlagsgrundvöllur	7
<b>1.6</b>	<b>ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL</b>	<b>7</b>
1.6.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	7
1.6.2	Frankvæmdatrygging – verktrygging	7
1.6.3	Veðsetningar – eignarréttarfyrrvarar	8
1.6.4	Misræmi í gögnum	8
1.6.5	Keðjuábyrgð	8
1.6.6	Ágreiningsmál	9
<b>1.7</b>	<b>VINNUSTAÐUR</b>	<b>10</b>
1.7.1	Vélar og fleira	10
1.7.2	Umhirða á vinnustað	10
1.7.3	Öryggi á vinnustað	10
<b>1.8</b>	<b>FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS</b>	<b>10</b>
1.8.1	Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir	10
1.8.2	Gæði verksins	11
<b>2</b>	<b>VERKLÝSING</b>	<b>11</b>

---

<b>2.1</b>	<b>SLÁTTUR OPINNA SVÆÐA OG LÓÐA</b> .....	<b>11</b>
2.1.1	Almennt.....	11
2.1.2	Sláttur opinna svæða.....	11
<b>3</b>	<b>TILBOÐSBLAÐ, ÍSAFJARÐARBÆR</b> .....	<b>13</b>
<b>4</b>	<b>TILBOÐSSKRÁ, ÍSAFJÖRÐUR</b> .....	<b>14</b>
<b>5</b>	<b>TÆKJALISTI</b> .....	<b>15</b>
<b>6</b>	<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>19</b>

# 1 ÚTBOÐSLÝSING – VERKSKILMÁLAR

## 1.1 YFIRLIT

### 1.1.1 Útboð

Tæknideild Ísafjarðarbæjar fyrir hönd bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í “**Sláttur á opnum svæðum í Ísafjarðarbæ 2019** “. Verkið skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til.

### 1.1.2 Útboðsform

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í grein 2.2 í ÍST 30.

### 1.1.3 Upplýsingar um bjóðendur

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að kanna skil bjóðenda og undirverktaka þeirra á lögbundnum gjöldum og fl. Verkkaupa er heimilt að vísa frá tilboði aðila sem ekki stenst skoðun Ísafjarðarbæjar á fjárhagsstöðu og skilum á lögbundnum gjöldum. Einnig er verkaupa heimilt að hafna tilboði verktaka ef tæki standast ekki úttekt.

### 1.1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkið og samningstími

Um er að ræða sláttur á opnum svæðum ásamt lóðum stofnana bæjarins eftir því sem við á og óskað er eftir. **Samningstími er frá undirritun samnings til 1. október 2021 .**

**Heimilt verður að framlengja samninginn til 1. október 2023 sé það vilji beggja aðila.**

Verktaka verður tilkynnt fyrir áramótin 2021/2022 hvort verkkaupi óski framlengingar á samningstímanum.

**Sinni verktaki ekki verkinu sem skyldi að mati eftirlitsaðila verkkaupa skal verktaki áminntur skriflega með sannarlegum hætti, hafi verktaki verið áminntur þrisvar sinnum á þann hátt er verkkaupa heimilt að segja samningi, sem gerður verður á grundvelli þessara útboðsgagna, upp fyrirvaralaust.**

### 1.1.5 Verksamningur

Verktími hefst þegar verkkaupi hefur tekið tilboði verktaka og telst þá kominn á samningur um verkið sbr. grein 11.2 í ÍST 30.

## 1.2 EFTIRLIT VERKKAUPA

### 1.2.1 Eftirlit verkkaupa

Eftirlit fyrir hönd verkkaupa annast Tæknideild Ísafjarðarbæjar. Dagleg samskipti við verktaka verður á vegum Tæknideildar. Verktaki skal kappkosta að halda góðum samstarfsanda milli sín og umsjónarmanns.

## 1.3 ÚTBOÐSGÖGN – REGLUGERÐIR – STAÐLAR

### 1.3.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

1. Útboðs- og verklýsing þessi dags. í **febrúar 2019**
2. Tilboðseyðublöð og tilboðsskrá
3. Íslenskur staðall ÍST-30, 5. útgáfa 2003. IST 30 og önnur útboðsgögn skulu mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útboðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði ÍST 30 á við ákvæði útboðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST 30 víkja
4. Teikningar

### 1.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir frekari upplýsingum og/eða skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum, skal hann senda tæknideild Ísafjarðarbæjar skriflega fyrirspurn á netfangið [brynjarjo@isafjordur.is](mailto:brynjarjo@isafjordur.is) eigi síðar en 2 virkum dögum fyrir opnunardag tilboða. Fyrirspurnir og samhljóða svarbréf verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

### 1.3.3 Reglugerðir og leiðbeiningar

Gildandi reglugerðir og leiðbeiningar sem gilda um framkvæmd þessa, eftir því sem við á, skulu bjóðendur sjálfir útvega sér, svo sem:

1. Reglur vinnueftirlits ríkisins
2. Reglur um merkingar á vinnustöðum
3. Umferðarlög svo og lögreglusamþykkt og reglugerðir um umferð í sveitarfélaginu

### 1.3.4 Undirverktakar

Verktaka er óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta þriðja aðila ganga inn í tilboð sitt og vinna verkið allt eða hluta þess í sinn stað. Hins vegar er verktaka heimilt að afla undirtilboða í einstaka hluta verksins. Undirverktakar eru þá ábyrgir gagnvart aðalverktaka. Aðalverktaki ber ábyrgð á öllum hlutum verksins gagnvart verkkaupa.

Öll ákvæði útboðslýsingar gilda jafnt um undirverktaka og aðalverktaka. Bjóðandi skal leggja fram, með tilboði sínu, nöfn undirverktaka sinna. Áskilinn er réttur til að hafna boðum sem ekki innihalda þessar upplýsingar.

## 1.4 TILBOÐ

### 1.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

Bjóðendur skulu fylla út tilboðsskrá, sem er hluti af útboðsgögnum þessum, og ber að fylla hana út eins og texti segir til um. Að lokum skal færa niðurstöðutölur

á tilboðsblað. Þjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Ef liðir í tilboðsskrá eru ekki útfylltir skal líta svo á að þeir séu innifaldir í öðrum tilboðsliðum.

Ef þjóðendur verða varir við misræmi ber þeim að tilkynna það verkkaupa og gildir þá tilboðsskráin í útboðsbókinni sé annað ekki ákveðið.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði o.s.frv.

Tilboðsupphæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingaverða. Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltri tilboðsskrá, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs. Aðeins einingaverð eru bindandi. Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda, á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

Fylla skal út tilboðsskrá þá sem er hluti af þessum útboðsgögnum.

Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.

#### 1.4.2 Fylgigögn með tilboði

Verktaki þarf einungis að skila inn útfylltum tilboðsskrám og tilboðsblöðum.

#### 1.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað til tæknideildar Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði í lokuðu umslagi greinilega merktu bjóðanda, ásamt viðkomandi útboði.

### *Sláttur opinna svæða í Ísafjarðarbæ 2019*

#### **TILBOÐ**

#### 1.4.4 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist til tæknideildar Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eigi síðar en **8. mars 2019, kl. 11:30** og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum, verða ekki opnuð. Þó verða þau tilboð opnuð sem borist hafa með símbrefi á opunarstað tilboða áður en skilafrestur er runnin út, enda hafi gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram.

### **1.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR**

#### 1.5.1 Framlag verkkaupa

Verkkaupi greiðir förgun á grasi skv. vigt.

#### 1.5.2 Greiðslur og reikningsskil

Verktaki skal gera reikning fyrir samningsverkið **einu sinni í mánuði**.

Samþykktur reikningur verður síðan greiddur eigi síðar en **21 degi** þaðan í frá.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Einnig skal fylgja dagskýrsla fyrir hvern unnin dag þar sem fram kemur hvaða verkþættir voru framkvæmdir.

### 1.5.3 Verðlagsgrundvöllur

Tilboð skal miða við verð á opnunardegi. Verðbætur verða ekki greiddar á fyrsta ári en verði samningurinn framlengdur eins og fram kemur í grein 1.1.4 hækka einingarverð til samræmis við byggingarvísitölu. Grunnvísitala er sú sem Hagstofan gefur upp í febrúar 2019. Öll einingarverð skulu vera með virðisaukaskatti.

## 1.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

### 1.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verkefnanna. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á allri vinnu. Auk þess ber verktaka að sjá um að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar. Meðan á framkvæmd verksins stendur skal verktaki hafa nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmd þessari. Slysatriygingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar á, að lögboðin gjöld s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjald, virðisaukaskattur, lífeyrissjóður, o.s.frv. séu í skilum.

### 1.6.2 Framkvæmdatrygging – verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa eigi síðar en við undirritun verksamnings bankatryggingu sem nemur 10% samningsupphæðar eða aðra tryggingu sem verkkaupi metur jafngóða.

Óheimilt er að lækka eða fella niður verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa.

Ofangreindar tryggingar skulu þannig orðaðar, að verkkaupi geti innleyst þær án undangengins dómsúrskurðar, og greiðsla skuli fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. Eyðublað fyrir verktryggingu.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

### 1.6.3 Veðsetningar – eignarréttarfyrrvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum.

### 1.6.4 Misræmi í gögnum

Nú koma fram villur í útboðsgögnum, og er verktaki þá eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Sé villan veruleg og leiði til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

### 1.6.5 Keðjuábyrgð

Verktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna verkkaupa fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem þess er óskað.

Verktaki ber ábyrgð á og skal hafa í gildi og viðhalda tryggingum fyrir tjóni vegna slysa, veikinda, sjúkdóma, sjúkrakostnað eða dauða sem starfsmenn verktaka verða fyrir og rekja má til framkvæmda verksins. Verktaki ber ábyrgð á að undirverktakar og starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra hafi samskonar tryggingar. Um lágmarks ábyrgðarfjárhæðir trygginga og aðra skilmála skal miða við ákvæði um skyldutryggingar í kjarasamningum hverju sinni. Verktaki skal halda verkkaupa skaðlausum af kröfum starfsmanna, verktaka, undirverktaka og starfsmannaleiga sem rekja má til slíkra tilvika. Slík trygging skal vera í gildi allan verktímann og er verktaka skylt að afhenda afrit af tryggingarskírteini sem sýna að slík trygging sé fyrir hendi.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna verkkaupa fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem þess er óskað.

Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða verktaki getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati verkkaupa, er verkkaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi verktaka að fjárhæð allt að kr. 50.000 með VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru ekki uppfyllt, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr. Nái heildarfjárhæð dagsekta 10% af samningsfjárhæð er verkkaupa heimilt að rifta samningi.



Verkkaupa er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

### **1.6.6 Ágreiningsmál**

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. IST 30 gr.32. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Vestfjarða.

## **1.7 VINNUSTAÐUR**

### **1.7.1 Vélar og fleira**

Verktaki skal leggja til og kosta öll áhöld, vélar og annað sem til verksins þarf.

### **1.7.2 Umhirða á vinnustað**

Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum umsjónarmanns þar að lútandi. Um almenna umgengni og umhirðu vísast að öðru leyti til ÍST30-18.

### **1.7.3 Öryggi á vinnustað**

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum. Verktaki skal gæta yfstrustu varúðar við framkvæmd verkefnanna og hafa samráð við umsjónarmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta. Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tók gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. t.l. 3. gr. Í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni.

## **1.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS**

### **1.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir**

Verktaki skal tilkynna verkkaupa hver verður yfirstjórnandi. Með verkstjórn skal fara reyndur verkstjóri sem verkkaupi viðurkennir og skal hann hafa fullt umboð verktaka og skal hann ávallt vera á vinnustað meðan framkvæmdir fara fram eða annar í hans stað í forföllum. Verkstjóri skal frá upphafi kynna sér vandlega öll svæði sem þarf að slá og einnig verklýsingu. Verkstjórinn skal hafa á hendi alla daglega verkstjórn og fylgja því eftir, að öll verk séu vel unnin og samkvæmt verklýsingu. Verkfundir verða að jafnaði á hálfsmánaðarfresti eða eftir samkomulagi verktaka og verkkaupa.

### 1.8.2 Gæði verksins

Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst að dómi verkkaupa, getur umsjónarmaður hvenær sem er krafist þess, að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu. Umsjónarmaður getur sett tímatakmark um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram, sem umsjónarmaður óskar eftir.

## 2 VERKLÝSING

### 2.1 SLÁTTUR OPINNA SVÆÐA OG LÓÐA

#### 2.1.1 Almenn

Hér er um að ræða slátt opinna svæða og lóða í sveitarfélaginu sem eru:

- Ísafjörður
- Holtahverfi
- Hnífsdalur
- Suðureyri
- Flateyri
- Þingeyri

Um er að ræða orflátt og vélslátt á ofangreindum svæðum. Áburðargjöf er **ekki** í höndum verktaka. Óski verkkaupi eftir því að verktaki annist áburðargjöf verður samið um þann verklið sérstaklega.

Nokkuð er um svæði sem ekki er hægt að slá með vélknúnum tækjum og er þá gert ráð fyrir að það sé gert með sláttuorfum. Horn, brúnir og önnur svæði sem ekki er hægt að slá með sláttuvél verður að snyrta með orfi eða öðrum hentugum verkfærum samhliða vélslætti.

#### 2.1.2 Sláttur opinna svæða

Verktaki tekur að sér slátt opinna svæða skv. fyrirmælum verkkaupa. Á meðfylgjandi teikningum eru sýnd þau svæði sem um ræðir, verkkaupa er þó heimilt að fella út einstök svæði eða bæta við nýjum svæðum og mun það þá hafa í för með sér aukningu eða minnkun í magnskrá. Losun efnis eftir slátt skal vera í samráði við verkkaupa hverju sinni, verktaki skal þó gera ráð fyrir að losunin sé í 4 km radíus frá verkstað. Ekki er ljóst hvenær fyrsti sláttur mun fara fram, en gera má ráð fyrir að hann verði upp úr miðjum júní. Síðari yfirferðir og hversu oft svæðin eru slegin skal vera í samráði við verkkaupa. Gera má ráð fyrir í heildarfermetrafjölda að sláttur með vélum sé u.þ.b. 4 sinnum yfir sumarið og orfláttur u.þ.b. 2 sinnum. Sum svæði þarf þó að slá oft en 4 sinnum og sum svæði sjaldnar. Umhverfisfulltrúi mun skipulegga þetta nánar í samvinnu við verktaka áður en verkið hefst.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir akstur á milli þéttbýlisstaða innan Ísafjarðarbæjar og skal því verktaki gera ráð fyrir þeim kostnaði í einingarverðum. Við fyrsta slátt á hverju sumri skal gera ráð fyrir að hreinsa þurfi svæði eftir snjómokstur.

Um er að ræða grjót, gangstéttarbrot og þess háttar, sé um stærri hluti að ræða, sem ekki er hægt að hreinsa með öðru en gröfu eða þess háttar tæki skal verktaki tilkynna það til verkkaupa og mun þá verkkaupi sjá um þá hreinsun. Verð skal gefa upp í kr/m<sup>2</sup>. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður tækis, vélamanns, akstur milli svæða o.fl. sem þarf til þess að ljúka verkþættinum. Losun efnis skal gert í samráði við verkkaupa, ekki er gert ráð fyrir að verktaki greiði fyrir losun efnis.

### 3 TILBOÐSBLAÐ, ÍSAFJARÐARBÆR

#### Tilboðsblað Sláttur opinna svæða í Ísafjarðarbæ 2019-2021

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í verkið **Sláttur opinna svæða í Ísafjarðarbæ 2019-2021**. Tilboðið er gert samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum dags. í janúar 2019. Tilboðsfjárhæð innifelur virðisaukaskatt.

**Heildartilboð alls:**                      **Kr.:** \_\_\_\_\_

**Heildartilboð í bókstöfum:** \_\_\_\_\_

**Nafn fyrirtækis:** \_\_\_\_\_

**Heimilisfang:** \_\_\_\_\_

**Staður og dagsetning:** \_\_\_\_\_

**Undirskrift:** \_\_\_\_\_

**Vottar:** \_\_\_\_\_

#### 4 TILBOÐSSKRÁ, ÍSAFJÖRÐUR

##### Magntölur miðast við slátt fyrir svæði yfir heilt sumar.

(Svæði verða slegin misoft. Gert er ráð að vésláttur fari fram að meðaltali 4-5 sinnum yfir sumarið.)

Vésláttur				
Verkpáttur	eining	fj. ein	einingarv.	alls.
ÍSAF. EYRIN	m2	130.096		
HOLTAHVERFI	m2	76.874		
HNÍFSDALUR	m2	17.858		
SUÐUREYRI	m2	39.212		
FLATEYRI	m2	169.446		
ÞINGEYRI	m2	147.043		
<b>Samtals:</b>	<b>m2</b>	<b>580.529</b>		
<b>Alls flutt á tilboðsblað:</b>				

(Svæði verða slegin misoft. Gert er ráð að orfláttur fari fram að meðaltali 2-3 sinnum yfir sumarið.)

Orfláttur				
Verkpáttur	eining	fj. ein	einingarv.	alls.
ÍSAF. EYRIN	m2	49.844		
HOLTAHVERFI	m2	1.774		
HNÍFSDALUR	m2	8.866		
SUÐUREYRI	m2	2.446		
FLATEYRI	m2	3.590		
ÞINGEYRI	m2	29.317		
<b>Samtals:</b>	<b>m2</b>	<b>95.837</b>		
<b>Alls flutt á tilboðsblað:</b>				

## 5 TÆKJALISTI

Tegundarheiti:

---

Árgerð:

---

Búnaður:

---

---

Tegundarheiti:

---

Árgerð:

---

Búnaður:

---

---

Tegundarheiti:

---

Árgerð:

---

Búnaður:

---

## SAMNINGUR UM SLÁTT Á OPNUM SVÆÐUM

### SLÁTTUR Í ÍSAFJARÐARBÆ

**Verkkaupi:**  
Ísafjarðarbær

**Verktaki:**  
\_\_\_\_\_

**Mars 2019**



**SAMNINGSAÐILAR****Verkkaupi:****Ísafjarðarbær**

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Kt. 540696-2639

Sími: 450 8000

Netfang: [isafjordur@isafjordur.is](mailto:isafjordur@isafjordur.is)**Verktaki:**

-----

-----

-----

-----

-----

-----

**Umsjónaraðili verkkaupa:**

Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Sími: 450 8000

Netfang: [umhverfisfulltrui@isafjordur.is](mailto:umhverfisfulltrui@isafjordur.is)**1. GREIN**

Eftirfarandi gögn teljast hluti af samningi þessum:

- Þennan samning.
- Útboðsgögn, eins og þau eru tilgreind í grein 1.3.1 í útboðs- og verkskilmálum.
- Tilboðsblað verktaka dags. \_\_\_\_\_ er fylgiskjal C með samningi þessum.
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. \_\_\_\_\_ sem er fylgiskjal D með samningi þessum.
- ÍST30 með þeim viðaukum, sem taldir eru upp í verkskilmálum, nema annað sé tekið fram

Framtalin gögn eru hluti þessa samnings.

**2. GREIN**Samningsfjárhæð er, samkvæmt tilboði verkkaupa kr. \_\_\_\_\_  
samkvæmt meðfylgjandi verkskilmálum.

**3. GREIN**

Til tryggingar því að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, afhendir hann verkkaupa tryggingu að upphæð kr. \_\_\_\_\_

Tryggingarskjalið skal vera þannig orðað að verkkaupa sé heimilt að krefjast fjársins að einhverju eða öllu leyti án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á öðrum kostnaði, sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka. Auk þess hefur verkkaupi tryggingu í þeim fjárhæðum sem standa kunnu ógreiddar af samningverðinu.

**4. GREIN**

Tæknideild mun skipa eftirlitsmann með verkinu sem um leið tengiliður milli verkkaupa og verktaka.

**5. GREIN**

Verksamningur þessi gildir frá **1. júní 2019** til og með **1. október 2021**.  
**Heimilt verður að framlengja samninginn til 1. október 2023 sé það vilji beggja aðila.**

**6. GREIN**

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar reyna lausn með samningum, en ef samkomulag næst ekki og óhjákvæmilega verður að hefja mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

**7. GREIN**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Dags. \_\_\_\_\_

F.H. VERKKAUPA

Dags. \_\_\_\_\_

F.H. VERKTAKA

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Nafn

VOTTAR

\_\_\_\_\_  
(Nafn og kennitala)

\_\_\_\_\_  
(Nafn og kennitala)

## 6 VIÐAUKI

Magnskrá

Teikningar	Ísafjörður Eyrin	A3
	Holtahverfi	A4
	Hnífsdalur	A3
	Suðureyri	A3
	Flateyri	A4
	Þingeyri	A3